

Hringiða

(Lag og texti Kannskekki)

Ég sit svo oft heima og læt mig þá dreyma
um hvað hefði geta orðið um okkur tvö.
Ástin var augljós en tilgangur óljós
þú vildir sjá heiminn og burtu mér frá
Ég bað þig að bíða en hvað get ég gert,
með stanslausan kvíða og angistar verk.
Dagarnir líða og ég þrá að fá þig fá þig fá þig

Við fljúgum með fuglum yfir heimsins höf,
já við getum allt ef við erum tvö.
Ef þú ert mér við hlið stoppar tíminn um leið
ég vona að þú sleppir mér aldrei

Þú ert eins og hafið
öldur þínar taka mig með sér
Ég er föst í hringiðu með þér
Þú ert eins og hafið
öldur þínar taka mig með sér
ég er föst í hringiðu með þér
ég bjarga mér því þú ert hér

Þú ákvaðst að fara það var flóð nú er fjara
gast ekki beðið því lífið lá á.
Ástin var augljós en tilgangur óljós,
þú varst ekki sá sem ég átti að fá.
Ég bað þig að bíða en hvað get ég gert,
það gat ekki orðið og verður ekkert.
Set hnefann í borðið og læt mig þá dreyma dreyma dreyma

Við fljúgum með fuglum yfir heimsins höf,
við getum allt ef við erum tvö.
Ef þú ert mér við hlið stoppar tíminn um leið
ég vona að þú sleppir mér aldrei

Þú ert eins og hafið
öldur þínar taka mig með sér
Ég er föst í hringiðu með þér
Þú ert eins og hafið
öldur þínar taka mig með sér
ég er föst í hringiðu með þér
ég bjarga mér því þú ert hér

Hæhæ. Við erum sex stelpur úr Grunnskóla Húnaþings vestra sem erum búin að búa til hljómsveit í Hljómsveitarvali í Grunn og Tónlistarskóla Húnaþings vestra. Við æfum tvisvar í viku í allan vetur. Erum í 8-10 bekk. Við heitum Valdís Freyja Magnúsdóttir (söngur), Ísey Lilja Waage

(söngur), Emelía Íris Benediktsdóttir (söngur og hljómborð), Rakel Alva Friðbjörnsdóttir (kassagítar), Ronja Granqvist (Bassi) og Freydís Emma Vilhelmsdóttir (bassi). Svo spilaði kennarinn okkar hann Valdi með á rafmagnsgítar.

Lagið Leiktæki er ástarlag um hvað er, var og hefði orðið, smá rússíbana reið jafnvel, eins og gott leiktæki.

Kveðja Kannskekki stelpurnar